

Deiliskipulag fyrir ÚLFARSDALSHVERFI – Hverfi I.
Breyting á gildandi deiliskipulagi samþykktu 3.10.2017 í borgarráði.

Gildandi ákvæði

2.1.4 Byggingarlína.

Einstaka byggingarhlutar svo sem þakskegg, skyggni, gluggafrágangur, svalir og sólpallar mega skaga allt að 60 sm út fyrir byggingalínu með tilliti til aðstæðna á lóð t.d. grenndarsjónarmiða, stærðar lóðar, fjarlægðar á milli húsa og fl..


Breyting á skilmálum

2.1.4 Byggingarlína.

Sérákvæði fyrir Lofnarbrunn 10-12.

Heimilt er að svalir á 2. hæð við Lofnarbrunn 10 og 12 skagi allt að 200 sm út fyrir bindandi inndregna byggingalínu þar sem aðstæður á lóð hafa engin skerðandi áhrif á grenndarsjónarmið, stærð lóðar og fjarlægð á milli húsa. Sjá rauða brotna línu hér til hliðar skýringarmynd fyrir Lofnarbrunn 10-12.

Allir aðrir skilmálar óbreyttir.



Deiliskipulagbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á

skipulags- og samgöngur. þann til 13.2 2019.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 1.3 2019.

Bjarni Atelmann